

205. fundur stjórnar LSS haldinn miðvikudaginn 09.02. 2011 kl. 13:00
á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, SvB, JS, BKr, IGG, VLF, (EK og FH ætluðu að vara í síma)

Boðuð forföll:

1. Fundargerð síðasta fundar.

SP

2. Inntaka nýrra félaga

Kristján Björn Arnar kt. 010878-4119. Spilmaður á þyrilu og sjúkraflutningar
Aukaaðild samþykkt.

Jón Garðar Viðarsson kt. 280567-3029. Slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður hjá BS.
Samþykkt.

3. 112 dagurinn, verðlaun fyrir Eldvarnagetraun.

Neyðarlínan heldur upp á 1*1*2 daginn, föstudaginn 11. febrúar. Hefðbundin
dagskrá. LSS afhendir þar verðlaun og viðurkenningar fyrir eldvarnagetraun til barna
á höfuðborgarsvæðinu.

4. Ritnefnd

Eftirtaldir eru í ritnefnd; Hannes Páll, Finnur Hilmarsson og Jóhannes Andri.

Reynt verður að finna menn t.d. á Akureyri og Selfossi.

Farið yfir nokkur erlend blöð. Stefnt að því að breyta blaðinu, stækka, ódýrari pappír,
fá inn fleiri fréttir af vettvangi. Hugmyndir um fréttir/upplýsingar um stóru
verksmiðjurnar, göng, menntun, fjarkennslu. Rætt um möguleika á að kalla inn
lausapenna og endurnýja verkstjórn.

5. Staðan í kjaraviðræðum

Tveir fundir hafa verið með SNS.

Þar hefur verið fjallað um þá meginkröfu að nemi fái sömu grunnlaun og aðrir
iðnaðarmenn hjá sveitarfélögunum. Það verður skoðaða áfram og fundað 7. febrúar
með sérfræðingum í starfsmati hjá SÍS. LSS skilar áfram inn gögnum og mögulega
fara línur að skýrast á samningafundi 1. febrúar.

LSS vill að tekið sé tillit til iðnmenntunar, meiraprófs og þrekálags, sem er skilyrði
við ráðningu. SNS segir innröðun eftir starfsmati meira snúast um ábyrgð í starfinu
sem viðkomandi gegnir. LSS hefur unnið starfslýsingar fyrir nema, fornámsmann ofl.
Starfsmenn SÍS munu máta okkur inn í starfsmat án skuldbindinga fyrir LSS.

Lögð fram kröfugerð eftir fund í Kjararáði.

Umræður um hvort taka eigi upp nákvæmari skráningar um veikindi. Flokka þau, t.d.
flensa, álagsmeiðsl o.s.fr. Og í framhaldi velja fyrir sér hvort vinnuáætlun, verkfæri
sú í lagi eða að valda veikindum? Hugmyndin snýst um að reyna að fækka
veikindadögum og auka vellíðan í starfi..Þarf að skoðast út frá persónuvernd og vilja
einstaklinganna.

6. Fulltrúakjör

Samkvæmt lögum LSS á því að ljúka 25. febrúar. Farið yfir kjörskrár.

Kosningaundirbúningur er í gangi. Búist við töluverðum breytingum á fulltrúum LSS.
Rætt um að boða nýja fulltrúa á upplýsingafund á skrifstofunni á sama degi og
ársfundurinn fer fram um miðjan apríl.

7. Sjúkraflutningar. Fundur með Velferðaráðherra.

Formaður framkvæmdastjóri og formaður fagdeildar fengu fund 2.2.2011 með nýjum Velferðarráðherra (sameinað Heilbrigðisráðuneyti og félags- og tryggingamála-ráðuneyti). Tilgangurinn var að ræða um skipulag sjúkraflutninga. Jafnframt var ráðherra afhent bréf vegna mönnunar sjúkrabifreiðar á Langanesi.

Reynt var að upplýsa um áhuga LSS á að koma sem fagaðilar að málum. Rætt um menntun og rekið á eftir að Fagråd verði kallað saman og að unnið verði eftir tillögum nefndar sem skilaði skýrslu um sjúkraflutninga til ráðherra 2008.

Á fundinum voru auk ráðherra og aðstoðarmanns, Jón Baldursson og Dagný Halldórsdóttir frá (gamla) heilbrigðisráðuneytinu. Eftir að fundi lauk voru þau spurð hort til stæði að færa sjúkraflutningana frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands yfir til B.A. Því var svarað neitandi.

8. Íslandsmót LSS. Beiðni um styrk.

Ákveðið að LSS gerði meira fyrir þennan viðburð og veittur yrði styrkur upp á 50. – 150.000 eftir nánari ákvörðun gjaldkera.

9. Önnur mál:

a) Stuðningsyfirlýsing við bræðslumenn

Eftirfarandi yfirlýsing samþykkt vegna yfirvofandi verkfallsaðgerða.

"Landssamband Stökkviliðs- og Sjúkraflutningamanna lýsir yfir fullum stuðningi við booðaðar aðgerðir Verkalýðsfélags Akraness, Drífanda og AFLS og sendir starfsmönnum í loðnubræðslunum baráttukveðjur.

LSS hvetur Samtök Aninnulífsins til að ganga þegar í stað til samninga og axla þannig ábyrgð sína á þeirri stöðu sem kjaradeilan er komin í. "

a) Tækjakaup

Rætt um möguleg kaup á 42“ flatskjá með innbyggðu Skype forriti í þeim tilgangi að auðvelda fundahöld.

b) Endurskoðun samningur við Bókun

Ákveðið að endurskoða samninginn við Bókun. Fá rekstraryfirlit oftár en einu sinni á ári.

c) Orlofsmál

Rætt um ýmsar lagfæringar sem þarf að gera í Munaðarnesi.

Fundi slitið 15:08